

GJALDSKRÁ

fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs í Grundarfirði.

1. gr.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna móttöku, meðhöndlunar og förgun úrgangs í Grundarfirði.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjald vegna móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs með fasteignagjöldum ár hvert.

- a) *Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphirða fer fram:* kr. 18.500 á tunnu í sorphirðugjald og kr. 17.300 á tunnu í sorpeyðingargjald.
- b) *Sumarbústaðir og önnur orlofshús sem njóta ekki sorphirðu:* kr. 15.700 í sorpgjald.

3. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 7.960 fyrir tonnið. Ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 1.780 fyrir hvern rúmmetra.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 6.415 fyrir tonnið, en kr. 1.545 fyrir rúmmetra.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 7.720 fyrir tonnið.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 1.070 á rúmmetra.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 11.880 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 15.800 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 19.721 fyrir hvert tonn.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 3.090 fyrir rúmmetra.

Virðisaukaskattur er innifalinn í verði skv. þessari grein.

Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfssvæði gámostöðvar er heimilt að innheimta afgreiðslu- og vigtargjald að fjárhæð kr. 590 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

4. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds, þó skal greiða fyrir móttöku kæli- og frystiskápa.

5. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

6. gr.

Innheimta samkvæmt 3. gr. er gerð með sérstökum reikningi, eindagi er 15 dögum eftir útskrift reiknings.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann 8. desember 2011, staðfestist hér með samkvæmt 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samþykkt um sorphirðu í Grundarfirði nr. 462/2002 og gildir frá 1. janúar 2012. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis, nr. 1020/2010.

Grundarfirði, 14. desember 2011.

Björn Steinar Pálmason bæjarstjóri.